

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð þON 30.11.2022

Sameining á starfsfólki milli Domain-a og innleiðing á MS365	2
Sorpirðudagatal	3

Fundargerð 30.11.2022

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur
Dagsetning 30.11.2022	Staðsetning Borgartún
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Edda Jónsdóttir, Óskar Sandholt, Pröstur Sigurðsson, Sævar Guðbergsson, Velina Apostolova	
Fjarverandi: Friðbjófur Bergman	
Fundarritari: Edda Jónsdóttir	

Dagskrá fundar

Verkefnatillögur

1. Sameining á starfsfólki milli Domain-a og innleiðing á MS365
2. Sorphirðudagatal

Fundargerð

Sameining á starfsfólki milli Domain-a og innleiðing á MS365

Í lok árs 2015 og byrjun árs 2016 var tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar skipt upp í tvö tölvuumhverfi (domain), almennt tölvuumhverfi (*domain, Reykjavik.is*) og skólatölvuumhverfi (*education domain, RVKSkolar*). Í skólatölvuumhverfinu eru um 6.000 notendur sem vinna á yfir 150 starfsstöðvum borgarinnar. Hvatinn að uppskiptingu á sínum tíma var kostnaður við Microsoft leyfin, en út af verðskrá Microsoft voru leyfin mun ódýrari fyrir skólatölvuumhverfið en hefðbundnu leyfin fyrir borgina og heimilaði Microsoft ekki að þeim leyfum væri blandað saman í tölvuumhverfi með s.k *enterprize* leyfum.

Þá er það að hafa notendur á tveimur tölvuumhverfum mjög hamlandi fyrir á stafrænna umbreytingu og hefur bein áhrif á heildar skipulagsheildina hvað lítur að skilvirkni og upplifun notandans (*ibúa og starfólks*). Áhrifin eru m.a. mjög hamlandi í samstarfi milli starfsfólks sem vinnur í ólíkum tölvuumhverfum en dæmi eru um að starfsfólk sé ekki með sameiginlega sýn á fundarherbergi né dagatöl auk þess að það getur ekki unnið saman á skilvirkan hátt þar sem ekki er hægt að deila gögnum með góðum og öruggum hætti án þess að fara í sértæka og oft kostnaðarsama vinnu við samþættingu umhverfanna.

Þá er ekki hægt að klára innleiðingu á Hlöðunni, skjalakerfi Reykjavíkurborgar sem og innleiðingu á Microsoft 365 hjá borginni þar sem ekki er tæknilega mögulegt að innleiða sumar lausnir hjá starfsfólki sem er í skólatölvuumhverfinu nema með töluverðum tilkostnaði. Þetta er þess valdandi að starfsfólk í skólatölvuumhverfinu getur ekki sinnt skjölun í Hlöðunni né heldur notað m.a. MS Teams símann og MS Sharepoint. Sem dæmi þá var flækjustigið við smíði á lausn fyrir rafrænar undirritanir mun meira heldur en ef um væri að ræða eitt umhverfi og því varð kostnaður við verkefnið meiri en ef notendur borgarinnar hefðu verið á einu tölvuumhverfi.

Þá mun verkefnið leiða til tölvuverðar lækkunar á rekstarkostnaði þar sem gert er ráð fyrir að kostnaður við vinnu við rekstur muni lækka með einfaldara rekstrarumhverfi. Allar tölvur borgarinnar á skólatölvuumhverfinu verða settar upp á nýtt í Reykjavik.is sem og m.a. prentarar, fundarherbergi og AD hópar (*Active directory*) verða fluttir yfir og sameinaðar í í eitt tölvuumhverfi (*domain, Reykjavik.is*).

Verkefnið sameining á starfsfólki milli tölvuumhverfa og innleiðing á M365 snertir notendur þó mismikið. Notendur sem vinna þvert á aðrar deildir munu einna mest finna fyrir breytingunni þar sem það opnar á að nota m.a. Hlöðuna, MS Teams og MS Sharepoint. Skilvirkni í samvinnu milli deilda mun aukast sem leiðir af sér tímasparnað og aukna starfsánægju. Aukið öryggi næst fram með því að færa gögn upp í skýið og virkja tvíþætta auðkenningu (*Multi factor authentication, MFA*).

Nánari upplýsingar um verkþætti verkefnisins sem og áhrif þess á notendur í tölvuumhverfi borgarinnar má lesa um í fylgigögnum þessarar fundargerðar.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1.	Verkefnaráð PON vísaði verkefnatillögum frá og óskaði eftir frekari upplýsingum um verkþætti innan verkefnatillögunnar sem og ítarlegri útlistun á fjárhagslegum ávinningi verkefnatillögunnar. Ákveðið að taka málið aftur fyrir hjá verkefnaráði í upphafi árs 2023

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1.	Verkefnastjóri skilar inn ítarlegri gögnum um verkefnatillöguna og tekur fyrir á fundi verkefnaráðs PON í janúar 2023.	Edda	15.01.2023
2.	Deildarstjóri verkefnastofu PON fylgir eftir verkefnatillögu og tryggir að nauðsynleg gögn liggja fyrir verkefnaráð í upphafi árs 2023.	Hugrún	15.01.2023

Aftur í efnisyfirlit

Sorphirðudagatal

Sorphirða Reykjavíkur óskaði eftir aðstoð við uppfærslu á sorphirðudagatali (<https://reykjavik.is/sorphirdudagatal>) með hliðsjón af notendahönnun til að gera dagatalið aðgengilegt, skýrt og einfalt í notkun fyrir íbúa borgarinnar.

Dagatalið er mjög mikið notað af íbúum borgarinnar og sparar mörg símtöl og fyrirspurnir sem myndu annars berast til þjónustvers og sorphirðunnar. Símtöl og fyrirspurnir til þjónustvers er varða sorphirðu eru um 100-300 á mánuði og þeim fjölgar töluvert ef sorphirða tefst, t.d. vegna veðurs. Þá fær sorphirðudagatalið fær að meðaltali 1200-1400 uppflettingar á mánuði, meira ef losunartíðni breytist eða sorphirða riðlast.

Sorphirðudagatalið er forritað og sett upp af gagnþjónustu Reykjavíkurborgar. Það hefur ekki verið hannað af neinum öðrum, hvorki virkni né útlit. Þetta virkar ágætlega en við teljum að það sé hægt að gera sorphirðudagatalið notendavænna með því að huga að upplifun notenda við uppsetningu þess. Auk þess er uppsetning dagatalsins hjá gagnateymi nokkuð vinnufrek á hverju ári og núverandi fyrirkomulag gengur því ekki til framtíðar.

Vorið 2023 verða gerðar breytingar á sorphirðu með viðbótum í flokkum og fjölgun á þeim tegundum af sorptunnum sem sorphirðan býður upp á. Það gæti flækt uppsetningu á sorphirðudagatalinu og gert upplýsingarnar óskýrari gagnvart íbúum ef uppsetningin verður sú sama og hún er í dag.

Sorphirðudagatalið má nálgast á vef Reykjavíkurborgar (<https://reykjavik.is/sorphirdudagatal>) og vef sorphirðunnar (ekkirusl.is) en það á að fasa þeim vef út. Upplýsingarnar sem koma fram eru samkvæmt áætlun frá sorphirðunni um hvernig sorphirðu verður háttað yfir árið. Dagatalið er sett upp í excel fyrir hvert ár í senn. Ef eitthvað kemur upp á þá hefur það yfirleitt bara tímabundin áhrif á losunardaga, en verklagið hefur verið þannig að sorphirðan vinnur sig alltaf upp í að vera á réttri áætlun. Þannig að gögnin eru í raun bara uppfærð einu sinni á ári, þetta eru ekki beint lífandi gögn sem er verið að vinna með.

Eftir forgreiningu hefur gagnþjónustan metið að besti kosturinn sé að kaupa lausnina sem keyrð er á vefnum www.tunnur.is. Lausnin var þróuð af Birgi Erlendssyni út frá opnum gögnum um sorphirðu sem birt eru á vef borgarinnar og var tilnefnd til íslensku vefverðlaunanna árið 2021. Með því að kaupa lausnina sem keyrð á vefnum www.tunnur.is er ekki verið að eyða tíma og fjármagni í að smíða lausn sem yrði að öllum líkindum mjög svipuð þeirri sem er í boði á tunnur.is og í leiðinni verið að styðja við nýsköpun og auka samstarf við lítil fyrirtæki í borginni.

Birgir hefur samþykkt að vera í samstarfi við gagnþjónustuna til að laga lausnina að tæknistakki borgarinnar, aðlaga hana að hönnunarkerfi borgarinnar, færa kóðann og hýsinguna yfir til borgarinnar og gera borgina að rétthafa lénsins www.tunnur.is.

Verkátunin gerir ráð fyrir vinnu í 2-3 vikur og afhendingu lausnarinnar er áætluð í desember 2022. Reykjavíkurborg yrði eftir það eigandi lausnarinnar. Kostnaður við vinnu Birgis og kaup á lausninni er áætlaður kr. 2.400.000 + vsk.

Nánari upplýsingar eru í fylgigögnum þessarar fundargerðar sem og sjá má stöðu lausnarinnar inn á <https://dev.tunnur.is/>

Skor í Fylki:

Virðisauki	Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækni innviði og gagnadrifna ákvarðanatöku	Lagalegar kröfur	Áhrif á þjónustu og fjöldi notenda	Styður við Græna planið	Stuðlar að auknu jafnrétti og/eða mannréttindum	HEILDAR SKOR
20%	27%	33%	7%	7%	7%	HEILDAR SKOR
2	3	4	4	3	2	3,13

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1.	Verkefnatillaga samþykkt til vinnslu.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1.	Verkefni fer á bið eftir verkefnastjóra. Stafrænn leiðtogi fylgir verkefni eftir þar til verkefnastjóri er kominn með verkefnið til sín.	Velina	01.02.2023

Aftur í efnisyfirlit**ÁSETNINGUR**

Fjárhagsleg ákvarðanatáka um verkefni. Gangsetja eða stöðva verkefni. Ákvarðanatáka um verkefni í vanda. Stuðningur, opin eyru og hugur.

ÆSKILEG ÚTKOMA

Ákvarðanir um verkefni sviðsins sem þörf er á að taka. Stuðningur við þau sem til okkar leita. Allir upplýstir og samstilltir.

DAGSKRÁ**Sameining á starfsfólki milli Domain-a og innleiðing á M365**

10:00 - 10:05 Uppstilling og yfirferð

10:05 - 10:20 Kynning

10:20-10:30 Umræður og ákvörðun

Sorphirðudagatal

10:30 - 10:35 Uppstilling og yfirferð

10:35 - 10:45 Kynning

10:45 - 10:55 Umræður og ákvörðun

11:00 Fundi slitið

REGLUR

Við erum á staðnum. Við hlustum og deilum ef upp kemur ágreiningur. Svíðsstjóri hefur tvö atkvæði. Við horfum gagnrýnum augum á ferlið.

HLUTVERK

Meðlimir verkefnaráðs taka ákvarðanir í sameiningu. Auðveldari leggur upp ákvarðanir, spyr spurninga og miðlar niðurstöðum. Gestir deila af valinkunninni snilld og sækja ákvarðanir eða stuðning.

TÍMI 30.11.2022 kl. 10:00 - 11:00

